

Verkefni á vegum Nemendafélag Glerárskóla veturinn 2020-2023

Hæfileikakeppni

Stefnt er að því að efna til hæfileikakeppni meðal nemenda Glerárskóla í lok apríl eða byrjun maí. Nánari upplýsingar varðandi dagsetningu og fyrirkomulag liggja fyrir þegar nær dregur.



Árshátíð 29. og 30. mars



Árshátíð Glerárskóla verður haldin 29. og 30. mars. Þá verður gleðin sannarlega við völd. Nemendur setja upp leiksýningar og slegið verður upp dansiböllum fyrir alla nemendur skólans.

Nánari upplýsingar liggja fyrir þegar nær dregur árshátíðinni.

Búningadagur 21. febrúar

Þriðjudaginn 21. febrúar stendur nemendafélagið fyrir búningadegi í Glerárskóla. Þetta er dagurinn fyrir öskudaginn og reyndar síðasti kennsludagur fyrir vetrarfrí. Það er því tilvalið að prufukeyra öskudagsbúninginn á búningadeginum í Glerárskóla.



Hattadagur 20. janúar



Föstudaginn 20. janúar, sem einnig er bóndadagur, efnir Nemendafélag Glerárskóla til hattadags. Þá eru allir, nemendur jafnt sem starfsfólk, hvattir til þess að lífga upp á tilveruna og mæta í skólann með höfuðfat að eigin vali. Hattar gera tilveruna sannarlega skemmtilegri.

Náttfatadagur 16. desember

Nemendaráð hvetur nemendur skólans til þess að koma í náttfötum í skólann föstudaginn 16. desember og hafa það kósí saman.



Jólapeysudagur 13. desember

Óskað er eftir því að nemendur komi í jólalegum fötum í skólann þriðjudaginn 13. desember. Þá er tilvalið að fara í jólasokka, setja á sig rauða skotthúfu eða skarta jólapeysu.

Betrifatadagur 2. desember

Það er hefð fyrir því að nemendur og starfsfólk Glerárskóla mæti í „betri fötum“ þegar söngskemmtunin Glerárvisión er haldin. Þann dag er einnig boðið upp á góðan mat í mötuneytinu. Þetta verður frábær dagur.

Rósaball 13. október

Á árlegu Rósaballi heimsækja nemendur í 10. bekk, nemendur í 8. bekk, færa hverjum og einum þeirra rós, bjóða þeim formlega velkomna á unglíngastig Glerárskóla.

Ballið hefst kl. 20:30 Aðgangseyrir er kr. 1.000 og nemendur annarra grunnskóla bæjarins eru hjartanlega velkomnir

D.J. sér um fjörið – sjoppa verður opin.

Ballinu lýkur klukkan 23:30.



Bleikur föstudagur 14. október



Á Bleika föstudeginum eru nemendur og starfsfólk beðið um að til **sýna lit**, bera bleiku slaufuna, klæðast bleiku og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma svo allar konur sem greinst hafa með krabbamein finni stuðning okkar og samstöðu.

Nemendur ganga í bekki og hvetja samnemendur og starfsfólk og mæta í bleikri flík þekkan dag.

Hrekkjavökuball 3. nóvember

Nemendur skreyta danssalinn með „hryllilegum skreytingum“ og bjóða upp á:

Ball fyrir 1. til 4. bekk frá klukkan 17:00 til 18:15

Ball fyrir nemendur í 5. til 7. bekkur fá 18:30 til 20:00

Þessi viðburður er eingöngu fyrir nemendur

Glerárskóla.

